

Árið 2009 hinn 14. október

Aðalfundur Oddafélagsins haldin í Safnaðarheimilinu Kraga í Odda.

Á fundinn mættu 11.

Formaður bauð fundarfólk velkomið, lagði fyrir eftirfarandi dagskrá og setti fundinn.

- A. Helstu aðgerðir á árinu. Starfáætlun næsta árs. Greinargerð formanns.
- B. Reikningar og félagatal. Greinargerð gjaldkera.
- C. Umræður um greinargerð formanns og gjaldkera.
- D. Lagabreyting samkvæmt fundarboði.
- E. Kosning stjórnar og skoðunarmanna.
- F. Árgjald næsta starfsárs ákveðið.
- G. Önnur mál.

A. Á síðasta aðalfundi var rætt um að félagið gæti fengið aðstöðu í nýjum framhaldsskóla á Hellu. Þær framkvæmdir hafa verið settar á bið og því ekki útlit fyrir að félaginu verði að aðstöðunni á næstunni.

Oddastefna sem haldin var 23. maí sl. í sal Þjóðminjasafnsins í Reykjavík var mjög vel sótt. Færði formaður fyrirlesurum hennar þakkir, vinnur hann nú í því að safna erindunum saman fyrir næsta Goðastein og þakkaði um leið samstarfið við héraðsritið.

Lagt var fyrir fundinn að næsta Oddastefna yrði haldin 15. maí og þá mögulega í Safnaðarheimili Oddasóknar á Hellu, viðfangsefni hafa ekki verið ákveðin.

Formaður minnst Freysteins Sigurðssonar góðs félaga sem lést á þessu ári. Freysteinn hafði ánafnað félaginu bóksafn sitt sem ekkja hans Ingibjörg geymir. Starfa hans fyrir félagið var minnst með hlýhug og sömuleiðis annarra félagsmanna sem látist hafa á árinu.

Formaður greindi frá áformum um samstarf félagsins við Háskóla Íslands, hann hefur rætt hugmyndir sínar við rektor Háskólans sem leist vel á. Slíkt samstarf gæti verið eins konar akkeri sem treyst gæti Oddafélagið í sessi. Stefnt er að því að hafa þessar hugmyndir tilbúnar fyrir afmælisár Háskólans sem er árið 2011.

Formaður sagði frá samtali sínu við Örn Þórðarson sveitastjóra Rangaárþings ytra þar sem hann óskaði eftir stuðningi hans við að tryggja ákveðið svæði í kringum Odda með framtíðaruppbyggingu í huga, einhvers konar vísi að fræðarþorpi.

Ingibjörg Ólafsdóttir hafði óskað eftir framlagi frá félaginu í bók sem hún vinnur að um sögu Hellu, framlagið yrði kafli um Odda. Formaður og Guðbjörg Arnardóttir sóknarprestur munum taka það að sér.

B. Gjaldkeri las reikninga félagsins. Sú breyting er á þeim að áður hafa þeir verið frá aðalfundi til aðalfundar en miðast nú við almanaksárið. Tekjur voru samtals 9.389.- gjöld samtals 10.771.-, rekstratap er því 1.382.-. Inneign á reikningi er 123.418.-

Félagar í Oddafélaginu í dag eru 92 og hefur þeim fjölgað undanfarin ár.

C. Sigurður Sigurðarson spurði hvort félagið ætti einhverjar eignir og vísaði þar með í bókakostinn sem nefndur var. Slíkt hefur ekki verið tekið fram á ársreikningum en gerð athugasemd um að færa slíkt inn.

Halldór Gunnarsson þakkaði fyrir skýrsluna, hældi störfum félagsins og einkum framlagi þess í Goðastein. Hann lagði til að stjórnin leitaði eftir frekari stuðningi Héraðsnefndar og þá hvort hún væri tilbúin til að veita félaginu aðstöðu í einhverjum af þeim húsakynnum sem hún hefur yfir að ráða. M.a. til þess að geyma eignir félagsins og Goðastein, hann hvatti stjórnina til að skoða þetta mál. Voru honum þökkum góð hvatningarorð.

Sváfnir Sveinbjarnarson tók undir orð Halldórs. Hann benti á mikilvægi fornleifarannsókna og hvernig hægt væri að minna á staðinn þegar slíkar rannsóknir eiga sér stað. Stjórnin tók

orð hans til sín sem hvatningu um að taka upp þráðinn á ný við að ýta á eftir slíkum rannsóknum í Odda.

Greinargerð formanns, greinargerð gjaldkera og reikninga voru borin upp og samþykkt samhljóða.

D. Stjóri stjórns gefur kost á sér áfram og var hún endurkjörin með lófaklappi. Vegna fráfalls Freysteins Sigurðssonar vantar mann í stjórn. Bjarni Jónsson hefur gefið kost á sér og var hann kjörinn í stjórnina.

E. Stjórnin lagði til að hafa sama árgjald og verið hefið, 1000 kr. og greiða hjón eitt gjald. Var það samþykkt samhljóða.

Gert var kaffihlé á fundinum og voru veitingar í boði Hérðasnefndar.

F. Umræður um önnur mál fóru af stað og bað formaður fundarfólk að ræða fyrirhugað samstarf við HÍ. Var fólk mjög jákvætt. Sigurður Sigurðarson taldi gott að tengja upphaf samstarfsins við afmælisár HÍ.

Umhverfi Odda var rætt með framtíðaruppbyggingu í huga. Guðbjörg Arnardóttir greindi frá því að enn væru um óksipt land og ræða og því erfitt að koma nokkru til leiðar fyrr en sú skiptin væri löglega afstaðin. Formaður nefndi vilja sinn á því að ræða óformlega og ekki endilega í nafni Oddafélagsins við ráðamenn þjóðarinnar.

Halldór Gunnarsson hvatti til þess að félagið horfði meira til allrar sýslunnar og benti meðal annars á ónýttan Skógarskóla sem hann lagði til að Oddafélagið reyndi að fá aðstöðu í, hvatti um leið til tengingar við Skógarskóla og HÍ. Í því áferði sem nú ríkir væri betra að ná slíku fram fremur en hefja nýbyggingar. Formaður sagði frá því að á síðasta stjórnarfundum hafi verið rætt um að gera Þórð Tómasson í Skógum að heiðursfélagi var því vel tekið. Lagði Halldór í framhaldinu til að halda næstu Oddastefnu á Skógum og biðja Þórð að vera þar með erindi. Voru Halldóri þakkaðar góðar hugmyndir sem fundurinn tók vel í og mun stjórnin taka þær til athugunar.

Ingibjörg Ólafsdóttir sem ritar sögu Hellu vildi að Oddakirkja fengi sinn kafla í bókinni sem sóknarkirkja Hellu. Hún telur sögu Oddastaðar hafa orðið útundan í huga Rangæinga. Kaflinn ætti því að vekja fólk til umhugsunar um kirkjuna og staðinn. Hún benti í framhaldinu á perlur eins og Keldur og Heklu sem ekki hefur verið gert nógu hátt undir höfði í héraði. Áætluð útgáfa bókarinnar er fyrir næsta sumar.

Jón Þórðarson greindi frá starfsefmi Goðasteins og mannbreytingum við ritstjórn hans. Mun umbrot næsta Goðasteins fara fram á Hellu.

Formaður þakkaði fundarfólki fyrir góðan fund, stjórninni góð störf, óskaði fólki góðrar heimferðar og sleit fundinu.

---

Guðbjörg Arnardóttir, fundarritari.